

Búnaðargjald vegna búvöruframleiðslu á árinu 2016

Auglýsing ríkisskattstjóra um gjaldstofn búnaðargjalds vegna rekstrarársins 2016

Eftirfarandi reglur skulu gilda um ákvörðun búnaðargjaldsstofns við álagningu á árinu 2017 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2016. Reglurnar byggjast á ákvæðum 1. til 3. gr. laga nr. 84/1997, um búnaðargjald, og eru settar samkvæmt heimild í 2. gr. laganna. Gjaldskyldir eru búvöruframleiðendur sem stunda landbúnað, skógrækt eða skógarhögg, þ.e. starfsemi sem fellur undir atvinnugreinar í deildum 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands (ÍSAT 2008), aðrar en atvinnugreinar í flokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64 (þjónusta við jarðyrkju og búfjárrækt), 01.70 (dýraveiðar og tengd þjónusta) og 02.40 (þjónusta við skógrækt og skógarhögg). Búnaðargjald nemur 1,2% af gjaldstofni, sem ákvarðast af veltu búvöru og tengdrar þjónustu. Til gjaldstofns telst virðisaukaskattskyld velta og velta undanþegin virðisaukaskatti, svo sem sala úr landi og samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði (beingreiðslur) vegna mjólkur- eða sauðfjárframleiðslu. Til gjaldstofns telst ekki andvirði seldra varanlegra rekstrarfjármuna. Frá gjaldstofni ákvörðuðum með framangreindum hætti heimilast frádráttur, annars vegar vegna vinnslu búvara og/eða sölu þeirra og hins vegar vegna kaupa á lífdýrum til áframeldis. Frádráttur ákvarðast sem hér segir:

1. Frádráttur vegna vinnslu og sölu búvara

1.1. Vegna vinnslu búvara

Að því leyti sem verð unninnar búvöru myndar gjaldstofn, sbr. framanritað, er búvöruframleiðanda heimilt að draga frá þannig reiknuðum gjaldstofni þóknun þá er hann greiðir vinnslufyrirtæki fyrir vinnsluna. Virðisaukaskattur af þóknuninni telst ekki til frádráttar, enda myndar hann innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri búvöruframleiðandans.

Annist loðdýraræktandi sjálfur verkun loðskinna sinna má hann vegna verkunarinnar draga frá söluverði unninna skinna, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:

680 kr. fyrir hvert verkað minkaskinn.

Annist æðarræktandi sjálfur verkun dúns má hann vegna verkunarinnar draga frá söluverði dúnsins, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:

20.000 kr. fyrir hvert kg fullverkaðs dúns.

Annist svínaræktandi sjálfur slátrun svína sinna og verkun kjötsins má hann draga frá söluverði kjöts, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:

45 kr. fyrir hvert kg verkaðs kjöts.

1.2. Vegna heildsölu búvara

Að því leyti sem heildsöluverð búvöru myndar gjaldstofn, sbr. framanritað, er búvöruframleiðanda heimilt að draga frá þannig reiknuðum gjaldstofni þóknun þá er hann greiðir heildsöluvirkni fyrir heildsöldreifinguna. Virðisaukaskattur af þóknuninni telst ekki til frádráttar, enda myndar hann innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri búvöruframleiðandans.

Annist búvöruframleiðandi sjálfur heildsöldreifingu afurða sinna má hann vegna dreifingarinnar draga frá heildsöluverði, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:

16% heildsöluverðs eggja.

15% heildsöluverðs annarra búvara.

Annist alifuglaræktandi sjálfur slátrun fugla sinna og heildsöldreifingu kjötsins má hann vegna slátrunarinnar og heildsöldreifingarinnar draga frá heildsöluverði, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:

25% heildsöluverðs alifuglakjöts.

1.3. Vegna smásölu búvara

Annist búvöruframleiðandi smásölu afurða sinna (sölu beint til neytanda) má hann draga frá smásöluverði, er myndar gjaldstofn sbr. framanritað, fjárhæð er nemur:

65% smásöluverðs garðplantna.

30% smásöluverðs annarra afurða.

2. Frádráttur vegna kaupa á lífdýrum

Búvöruframleiðandi, sem kaupir lífdýr til áframeldis í búnaðargjaldsskyldri starfsemi sinni, má draga kaupverð lífdýranna frá gjaldstofni sínum. Virðisaukaskattur af kaupverðinu telst ekki til frádráttar, enda myndar hann innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri fyrirtækisins.

Reglur þessar taka þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu búnaðargjalds á árinu 2017 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2016.